

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 135/2922

komudagur 22. 5. 2008

Nefndasvið Alþingis
b/t Viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

22. maí 2008

Tilvísun: 2008050047

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, 615. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts þann 20. maí sl. þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, 615. mál.

Framangreint frumvarp varðar breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að því er varðar heimild og skyldu fjármálafyrirtækis til að nota heitið sparisjóður. Viðskiptaráðherra skipaði nefnd þann 16. október 2007 sem falið hefur verið það hlutverk að fara heildstætt yfir ákvæði er varðar sparisjóði í lögum nr. 161/2002. Nefnd þessi er enn að störfum. Fjármálaeftirlitið telur að framangreindar breytingar á lögnum falli að verkefni nefndarinnar og æskilegt sé að breytingarnar séu ræddar í nefndinni sem hluti af heildarendurskoðun ákvæða er varðar sparisjóði. Fjármálaeftirlitið tekur því ekki afstöðu til framangreindra tillagna að svo stöddu.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Árný J. Guðmundsdóttir